

AUGLÝSING

um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 5. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50, 1987, sbr. lög nr. 84, 1998 og lög nr. 26, 2003, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökumanna samkvæmt 4. mgr. 91. gr. skuli vera 1.350 milljónir kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 228 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 32, 1998 og lög nr. 26, 2003, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og váttryggingartaka samkvæmt 1.-3. mgr. 92. gr. skuli vera 101 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar nr. 392 27. maí 2003, er 200.000 krónur fyrir einstakling og 1 milljón kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu samkvæmt 3. másl. 3. mgr. 4. gr. er 50.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.
Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatryggingar nr. 309 9. apríl 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. júlí 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.